



Á FLÆÐISKERI

- STAÐA SAMKEPPNISMÁLA Á ÍSLANDI

Það viðskiptaumhverfi sem við stöndum frammi fyrir í dag er töluvert frábrugðið því sem þekktist um aldamótin. Samfélagið hefur breyst á ógnarhraða með alþjóðavæðingu og tækniframförum þannig að stjórnvöld þurfa að vera á tánum og tryggja að leikreglur og beiting þeirra sé í takt við nýja tíma.

Þetta getur skipt sérstaklega miklu máli í tengslum við samkeppnislög og framkvæmd þeirra. Viðskiptaráð tekur heilshugar undir sjónarmið um mikilvægi samkeppnisreglna til að tryggja virka og heilbrigða samkeppni á markaði og koma í veg fyrir ólöglegt samráð, misnotkun á markaðsráðandi stöðu og mismunun á markaði t.d. vegna opinberra afskipta. Á sama tíma er gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld tryggi að íslensk fyrirtæki verði ekki undir í alþjóðlegri samkeppni vegna þeirrar framkvæmdar samkeppnisyfirvalda sem tíðkast hér á landi. Að öðrum kosti verður erfitt fyrir íslensk fyrirtæki og þar af leiðandi Ísland að þrífast í alþjóðlegu umhverfi.

Hörð samkeppni hjá stórum fisk í stórrí tjörn

Þegar hugað er að samkeppnismálum á Íslandi er ágætis byrjun að setja stærð íslenska markaðarins í samhengi við aðra markaði. Ef horft er til íbúafjölda eru markaðir á Íslandi almennt um 1% af mörkuðum í Bandaríkjunum. Einnig er áhugavert að bera saman íslenskan smásölumarkað við veltu og umfang fyrirtækja og markaða líkt og gert er á mynd 1. Bjórmarkaður á heimsvísu er t.d. hátt í tvö hundruð falt stærri en íslenskur smásölumarkaður í heild og breska smásölukeðjan Tesco tuttugu og fjórum sinnum umsvifameiri. Jafnvel nýlokin tónleikaferð Ed Sheeran, sem kom við hér á landi, er stór í samanburði við íslenskan markað og samsvara tekjur hennar allri smásölu á Íslandi á rétt tæplega þremur mánuðum. Íslensk fyrirtæki eru mörg hver orðin stórir fiskar, en tjörnin er mjög stór.

Skoðun 18. september 2019

“

Þegar hugað er að samkeppnismálum á Íslandi er ágætis byrjun að setja stærð íslenska markaðarins í samhengi við aðra markaði.




VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Mynd 1

Velta og stærð markaða

Milljarðar króna



Heimildir: JP Morgan, vefsíður fyrirtækjanna, Wikipedia fyrir Ed Sheeran, Hagstofa Íslands og gengi frá Seðlabanka Íslands 26. ágúst

Til að meta samkeppni á Íslandi er gagnlegt að skoða heildstæða mælikvarða um samþjöppun og vísbendingar um aukinn hagnað vegna fákeppni eða einokunar. Ef horft er til þróunar nokkurra mælikvarða á Íslandi síðustu ár virðist sem samkeppni fari almennt vaxandi. Til að átta sig á hagnaði er t.d. hægt að horfa til hlut fjármagns í landsframleiðslu (mynd 2). Árið 2018 var sá hlutur 36% og nærri 4 prósentustigum undir sögulegu meðaltali og það lægsta meðal OECD ríkja. Einnig hefur hlutfall rekstrarhagnaðar (EBITDA) í viðskiptahagkerfinu aldrei mælst lægra samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það bendir til þess að svigrúm fyrirtækja til að auka hagnað með því einu að hækka verð í krafti markaðsráðandi stöðu sé lítið hér á landi.

Loks hefur markaðshlutdeild fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri minnkað frá 2012, ekki hvað síst á mikilvægum neytendamörkuðum, þrátt fyrir það að störfum hafi fjölgað og efnahagsumsvif hafi aukist um 24% á tímabilinu. Það gefur vísbendingu um að minni fyrirtæki séu að taka til sín aukna markaðshlutdeild og stærri hluta af vaxandi efnahagsumsvifum sem bendir til harðs samkeppnisumhverfis.

Mynd 2


Vísbendingar um samkeppni og samþjöppun

Markaðshlutdeild og hlutur fjármagns í VLF

Breyting á markaðshlutdeild fyrirtækja með 100+ starfsmenn frá 2012 til 2017



Hlutur fjármagns í vergri landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands

“

Ef horft er til þróunar nokkurra mælikvarða á Íslandi síðustu ár virðist sem samkeppni fari almennt vaxandi.


Úrbóta er þörf

Þar sem íslenskur markaður er sérstaklega smár og háður ýmsum séreinkennum felst ein stærsta áskorun samkeppnisyfirvalda í því að tryggja rétt jafnvægi á milli stærðarhagkvæmni og virkrar samkeppni (mynd 3). Stærðarhagkvæmni og samkeppni vegast á að því leyti að með því að geta framleitt meira magn af vöru og þjónustu er kleift að ná kostnaði fyrir hverja framleidda einingu niður t.d. vegna þess að kostnaður við vélar og húsnæði dreifist á fleiri einingar. Aftur á móti getur aukin samþjöppun á mörkuðum gefið sameinuðu fyrirtæki nægilegan markaðsstyrk til þess að skila ekki þeirri hagræðingu sem felst í aukinni stærðarhagkvæmni út í verðlag og í verstu tilfellunum getur sameinað fyrirtæki haft svo mikinn markaðsstyrk að útsöluverð hækkar þrátt fyrir lægri einingakostnað í framleiðslu.

Mynd 3

Kostnaður og ábati af samkeppniseftirliti

Skýrimynd¹



¹ Einfölduð mynd til útskýringar. Með jaðarábata-/kostnaði er átt við hversu mikið ábatinn/kostnaðurinn eykst/minnkar við aukið umfang eftirlits. Jaðarkostnaður getur verið fölginn í kostnaði við eftirlitið sjálft en einnig kostnaðinn við litla stærðarhagkvæmni og glötuð viðskiptataækifæri. Jaðarábata má einkum túlka sem ávinning samfélagsins af samkeppni.

Þannig á fyrirtækjum að vera heimilt að stækka þar til neikvæð áhrif stækkunar á virka samkeppni vega þyngra en jákvæð áhrif vegna aukinnar stærðarhagkvæmni. Skilgreining markaða skiptir miklu máli í þessu samhengi og of þröng skilgreining markaða leiðir til ofmats á neikvæðum áhrifum vegna aukinnar samþjöppunar og skapar þannig skaðlegar vaxtarskorður fyrir innlend fyrirtæki. Samkeppnisyfirvöld hérlendis þurfa að gæta þess að líta til samkeppni í breiðu samhengi þegar þau meta áhrif samþjöppunar á heildarhagsmuni.

Að sama skapi þarf samkeppnislöggjöfin að lágmarka takmarkandi áhrif smæðar hagkerfisins á vöxt fyrirtækja, en að vissu leyti er samkeppnislöggjöfin hérlendis strangari en á Norðurlöndunum og í Evrópu. Íslensk fyrirtæki eiga því erfitt með að ná fram stærðarhagkvæmni í sama mæli og erlendir keppinautar sem getur rýrt samkeppnishæfni Íslands sem heild. Það bitnar ekki aðeins á íslenskum fyrirtækjum heldur einnig á íslenskum neytendum.

“

Þannig á fyrirtækjum að vera heimilt að stækka þar til neikvæð áhrif stækkunar á virka samkeppni vega þyngra en jákvæð áhrif vegna aukinnar stærðarhagkvæmni.

Viðskiptalífið hefur lengi kallað eftir úrbótum á samkeppnislögum og framkvæmd þeirra og að hún sé færð nær því sem gerist í öðrum löndum á Evrópska efnahagsvæðinu. Viðskiptaráð telur brýnt að ráðist sé í slíkar breytingar, einkum til þess að tryggja samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum og ná fram eðlilegu jafnvægi milli krafta samkeppni og mikilvægs stærðarhagræðis. Í því samhengi leggur Viðskiptaráð einkum áherslu á fimm atriði í núverandi samkeppnislögum sem ráðið telur nauðsynlegt að endurskoða.

1. Veltuviðmið verði hækkuð fyrir tilkynningarskyldu samruna

Á kvikum og síbreytilegum mörkuðum kemur það reglulega upp að fyrirtæki sjái hag sínum best borgið með sameiningum. Ef a.m.k. tvö fyrirtækjanna hafa yfir 200 milljóna króna ársveltu hér á landi og samanlögð ársvelta allra fyrirtækja sem vilja sameinast er a.m.k. tveir milljarðar króna ber þeim skylda að tilkynna samrunann til Samkeppniseftirlitsins¹. Ef fyrirtæki uppfylla ekki þessi skilyrði hefur Samkeppniseftirlitið engu að síður heimild til að taka samruna til skoðunar sé hann líklegur til að geta dregið verulega úr virkri samkeppni.


Í því skyni að sjá hvort þessar fjárhæðir séu háar eða lágar má bera þær saman við hin Norðurlöndin. Veltuviðmið fyrir samruna á Íslandi eru almennt margfalt lægri en á Norðurlöndunum (mynd 4). Upp að einhverju marki er það skiljanlegt þar sem íslenska hagkerfið er talsvert minna en þau á Norðurlöndunum. Aftur á móti verður að hafa í huga að smæð hagkerfisins gerir að verkum að íslensku fyrirtækin eru líka smærri. Þannig voru fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri 327 talsins hér á landi árið 2015 en á hinum Norðurlöndunum voru þau að meðaltali 13 sinnum fleiri.

¹ Sjá 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005

Mynd 4

Veltuviðmið og stærð viðskiptalífsins í samhengi við samkeppniseftirlit

Milljarðar króna



Heimildir: Vefsiður Samkeppniseftirlita á Norðurlöndum, gengi frá Seðlabanka Íslands 30. ágúst

“

Veltuviðmiðin hafa haldist óbreytt frá 2008 þrátt fyrir að verðlag hafi hækkað og hagkerfið stækkað með auknum efnahagssumvifum.


Samanburðarhæf gögn um fjölda og stærð fyrirtækja eru misgóð eftir atvinnugreinum. Þó eru til ágætlega samanburðarhæf gögn um Norðurlöndin í heild- og smásölu hjá Eurostat. Greining Viðskiptaráðs á þeim gögnum leiðir í ljós að 110 íslensk fyrirtæki, 3,4% fyrirtækja, ná 2 milljarða króna veltuviðmiði fyrir árið 2016 á meðan hlutfallið sem nær viðmiðum á hinum Norðurlöndunum er á bilinu 0,1-0,9%. Þannig virðist sem mun hærra hlutfall fyrirtækja á Íslandi þurfi að tilkynna um samruna. Veltuviðmiðin hafa haldist óbreytt frá 2008 þrátt fyrir að verðlag hafi hækkað og hagkerfið stækkað með auknum efnahagssumsvifum. Segja má að veltuviðmiðin hafi lækkað um nærri helming án þess að tekin hafi verið ákvörðun um það. Að mati Viðskiptaráðs er slíkt ótækt og ætti að hækka veltuviðmiðin a.m.k. upp í sömu upphæð og þau voru 2008 á verðlagi dagsins í dag. Í framhaldinu væri að mati ráðsins rétt að viðmiðin hækki samhliða aukningu á landsframleiðslu, sem endurspeglar bæði verðbólgu og stækkun atvinnulífsins og þar með markaða. Sé litið til annarra Evrópu-landa er ljóst að veltumörk þeirra samkeppnislaga eru endurskoðuð með reglulegu millibili og uppfærð með tilliti til umfangs viðskipta og aukningu sem skilað hefur sér út í hagkerfið². Sama fyrirkomulag ætti að eiga við héraendis.

2 Sjá til að mynda samanburð á mælikvörðum í skýrslu sænska Samkeppniseftirlitsins: <http://www.konkurrensverket.se/globalassets/publikationer/rapporter/troskelvarden-for-koncentrationsprovingar---battere-omsattningssgranser-for-anmalan-av-foretagskoncentrationer.pdf>

Mynd 5

Lágmarksvelta samstæðu eftir samruna á Íslandi

Milljarðar króna og hlutföll



Heimildir: Vefsíður Samkeppniseftirlita á Norðurlöndum

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins til Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá 2018 kemur fram að stór hluti af tíma eftirlitsins fari í samrunamál þar sem þau eru lögbundin forgangsmál hjá eftirlitinu. Þannig var 40% af tíma Samkeppniseftirlitsins varið í samruna árið 2018, en árið 2011 var þessi prósentu aftur á móti um helmingi lægri, þar sem 21% af tíma eftirlitsins fór í samruna það árið³. Það er því ljóst að sá tími eftirlitsins sem fer samrunamál hefur farið hratt vaxandi á milli ára. Málsmæðferðartími Samkeppniseftirlitsins hefur verið talsvert gagnrýndur

3 Sjá skýrslur fyrir árin 2011 og 2018 á síðu Samkeppniseftirlitsins: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2019/ICELAND-ANNUAL-REPORT-2018-OECD.pdf> <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2011/OECD-ICA-Annual-Report-2011.pdf>

“

Umrædd hækking á veltuviðmiðum væri þá til þess fallin að draga úr áherslu á smærri samrunamál og gæti þannig stýtt málsmeðferðartíma, öllum aðilum til hagsbóta.

af hálfu fyrirtækja þar sem erfitt hefur reynst fyrir fyrirtæki að sjá fyrir með einhverri vissu hvenær niðurstaða eftirlitsins berst. Umrædd hækkun á veltuviðmiðum væri þá til þess fallin að draga úr áherslu á smærri samrunamál og gæti þannig stýtt málsmeðferðartíma, öllum aðilum til hagsbóta. Hækkun viðmiða myndi á sama tíma ekki skerða núgildandi heimild Samkeppniseftirlitsins til að taka samruna til sérstakrar skoðunar falli hann ekki innan veltumarka, sé hann líklegur til að draga verulega úr virkri samkeppni.

2. Réttaröryggi fyrirtækja sé tryggt

Í núgildandi samkeppnislögum er Samkeppniseftirlitinu heimilt að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar Samkeppnismála til dómstóla⁴. Heimild þessi er nánast einsdæmi í íslenski stjórnslu og þekkist vart utan landsteinanna. Heimildin gengur gegn þeirri meginreglu stjórnsluréttar að úrskurður æðra setts stjórnvalds sé bindandi fyrir hið lægra setta stjórnvald. Auk þess að ganga gegn áður nefndri meginreglu dregur heimildin verulega úr áhrifum áfrýjunarnefndarinnar og gerir málsmeðferðina í heild sinni lengri og kostnaðarsamari, sem aftur hefur neikvæð áhrif á skilvirkni og réttaröryggi. Að mati Viðskiptaráðs þarf annað hvort að afnema heimildina eða leggja niður áfrýjunarnefndina svo unnt sé að eyða þessari réttaróvissu og þar með draga úr þessu óhagræði.

Í ofanálag við þennan málskotsrétt verður að hafa í huga að eftirlitið hefur heimild til að taka samruna aftur til skoðunar hafi áfrýjunarnefndin eða dómstóll ógilt ákvörðun um höfnun samruna vegna formgalla á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins⁵. Slíkt er óviðunandi þar sem almenningur og fyrirtæki ættu ekki að bera hallann af því ef að málsmeðferð stjórnvalda er ábótavant. Ljóst er að sama málið getur því verið inni á borði Samkeppniseftirlitsins svo árum skiptir, með tilheyrandi kostnaði og óhagræði fyrir viðkomandi fyrirtæki. Líkur eru á því að þegar loksins fæst niðurstaða í mál af þessu tagi að forsendur samrunans séu brostnar og viðkomandi fyrirtæki þurfi að hefja samningaferli sitt á ný.

3. Heimild Samkeppniseftirlitsins til inngríps í fyrirtæki sé felld brott

Samkeppniseftirlitið hefur heimild til að grípa til aðgerða vegna samkeppnishamlana, jafnvel þó þær orsakist ekki af samrunum eða brotum fyrirtækja á samkeppnislögum. Heimildir stofnunarinnar eru víðtækar og fela meðal annars í sér úrræði til að breyta starfsemi fyrirtækja og skipulagi. Þannig getur eftirlitið gripið inn í lögmætan rekstur fyrirtækis og krafist breytinga á skipulagi þess eða rekstri.

4 Sjá 1. mgr. 41. gr. Samkeppnislaga nr. 44/2005

5 Sjá 2. mgr. 17. gr. e. Samkeppnislaga nr. 44/2005

“

Líkur eru á því að þegar loksins fæst niðurstaða í mál af þessu tagi að forsendur samrunans séu brostnar og viðkomandi fyrirtæki þurfi að hefja samningaferli sitt á ný.

Svipaða heimild var að finna í samkeppnislögum⁶ til ársins 2005, en þá var hún felld úr lögum með þeim rökum að með henni hefði Samkeppniseftirlitið víðtækari heimildir en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld, þar sem heimildin væri ekki takmörkuð við brot gegn ákvæðum laganna⁷. Þrátt fyrir þetta kom heimildin aftur inn í núgildandi samkeppnislög árið 2011 án þess að erlenda löggjöfin hefði breyst.

Sérfræðingar í samkeppnisrétti hafa þá sett fyrirvara við að lagaákvæði þetta standist ákvæði stjórnarskrár Íslands sem verndar eignarrétt⁸. Heimild Samkeppniseftirlitsins til inngrips í fyrirtæki án þess að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst brotlegt við bannreglur samkeppnislaga ætti að fella brott úr lögum.

4. Undanþágur vegna samstarfs fyrirtækja verði afnumdar

Samkeppniseftirlitið getur veitt fyrirtækjum undanþágur og heimilað þeim samstarf sem annars myndi teljast raska samkeppni, ef samstarf fyrirtækjanna uppfyllir ákveðin skilyrði sem snúa að bættri framleiðslu eða dreifingu, eflingu á tæknilegum og efnahagslegum framförum til ábata fyrir neytendur. Þannig sóttu til að mynda Vodafone og Nova um undanþágu vegna samstarfs um rekstur dreifikerfis þann 19. nóvember 2013, og heimilaði Samkeppniseftirlitið samstarfið þann 18. febrúar 2015. Málið var því inni á borði eftirlitsins í eitt ár og þrjú mánuði, án þess að umrætt samstarf hefði hafist. Samstarfið sneri að gagnkvæmri samnýtingu dreifikerfis sem skapaði mikil tækifæri til stækkunar og hagræðis í fjárfestingum og rekstri, til hagsbóta fyrir neytendur, auk þess sem fyrirtækin sáu fram á mun hraðari uppbyggingu kerfisins væri samstarfi náð⁹.

Framkvæmd þessi er ekki í samræmi við fyrirkomulagið á slíkum undanþágum innan Evrópu, þar sem skyldan til að sækja um undanþágu til samstarfs til framkvæmdastjórnar ESB var afnumin árið 2003. Fyrirkomulaginu var þess í stað breytt á þann veg að fyrirtækin sjálf meta hvort að þeirra samstarf falli innan eða utan þeirra skilyrða sem sett eru fyrir undanþágunni og gaf framkvæmdastjórn ESB út leiðbeiningar sem fyrirtæki geta haft til hliðsjónar við þetta sjálfsmat. Markmið með umræddri breytingu var að auka skilvirkni í framkvæmd við samkeppniseftirlit EES svæðisins og ætla má að fyrirkomulagið sé til þess fallið að auka frelsi fyrirtækja á sama tíma og traust til löggjafans er aukið.

Núverandi framkvæmd, þar sem íslensk fyrirtæki sem sjá hag sinn í samstarfi sem skilað getur bæði neytendum og fyrirtækjum ávinningi þurfa að sækja um undanþágu til samstarfsins, getur falið í sér umtalsvert óhagræði fyrir fyrirtæki þar sem umsókn um undanþágur og afgreiðsla þeirra hefur tekið gríðarlega langan tíma undanfarin ár. Styttri málsmeðferðartími í þessum málum væri ekki aðeins jákvætt

“

Styttri málsmeðferðartími í þessum málum væri ekki aðeins jákvætt fyrir þau fyrirtæki sem sækjast eftir undanþágunni, heldur einnig fyrir neytendur þar sem samstarf fyrirtækjanna á grundvelli slíkra undanþága er til þess fallið að auka hagsæld neytenda með lægri kostnaði.

6 Sjá c. lið 1. mgr. 16. gr. Samkeppnislaga nr. 44/2005.

7 Sjá greinargerð með lögum nr. 44/2005

8 Sjá til að mynda umsögn tveggja sérfræðinga í samkeppnisrétti um frumvarp til breytinga á samkeppnislögum nr. 44/2005: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/139/139-1177.pdf>

9 Sjá umfjöllun: <https://kjarninn.is/frettir/vodafone-og-nova-ad-vinna-saman-ad-rekstri-dreifikerfis/>

fyrir þau fyrirtæki sem sækjast eftir undanþágunni, heldur einnig fyrir neytendur þar sem samstarf fyrirtækjanna á grundvelli slíkra undanþága er til þess fallið að auka hagsæld neytenda með lægri kostnaði. Þá myndi styttri málsmeðferðartími í undanþágumálum síðast en ekki síst koma Samkeppniseftirlitinu vel þar sem eftirlitið hefur þá aukið svigrúm til að sinna öðrum málum.

5. Réttarstaða fyrirtækja við rannsókn mála sé bætt

Í 20. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og samtaka fyrirtækja og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum eða ákvörðunum samkeppnisyrvalda. Þar er tekið fram að við framkvæmd aðgerða skuli fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum. Þar er gert ráð fyrir að afrit séu tekin af gögnum í undantekningartilvikum. Slík haldlagning á gögnum tengdum rekstri fyrirtækja, bókhaldsgögnum og öðrum skjölum getur komið sér einstaklega illa í rekstri fyrirtækja og hefur þróunin á Norðurlöndunum verið í gagnstæða átt þar sem gert er ráð fyrir að ekki séu tekin frumrit af gögnum nema í brýnum undantekningartilvikum¹⁰. Í dönsku lögunum er t.a.m. gert ráð fyrir að starfsmenn eftirlitsins þar í landi geti kynnt sér gögn og tekið afrit af þeim en er ekki gert ráð fyrir að frumrit gagna séu tekin¹¹.

Fyrirsjáanleiki og réttarvissa er mikilvægur hornsteinn í heilbrigðu viðskiptalífi

Viðskiptaráð fagnar því að stjórnvöld hafi lýst því yfir í stuðningi sínum við lífskjarasamninga síðastliðið vor að samkeppnislög verði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda framkvæmd þeirra og auka skilvirkni, enda er slíkt öllum til hagsbóta. Eigi íslenskt atvinnulíf að vera samkeppnishæft á alþjóðamarkaði er nauðsynlegt að íslensk fyrirtæki lúti ekki strangari samkeppnisreglum en fyrirtæki í samanburðarlöndum okkar.

Öflugt samkeppniseftirlit er mikilvægur hlekkur í heilbrigðu viðskiptaumhverfi – ekki síst hvað viðkemur umhverfi smærri fyrirtækja. Eftirlitið má þó ekki setja fyrirtækjum óþarfa vaxtarskorður. Slík stefna þjónar ekki heildarhagsmunum samfélagsins. Mikilvægt er að samkeppnisreglur leggi ekki óþarfa höft á fyrirtæki eða geri þeim erfitt fyrir við að leita réttar síns. Með þeim hætti er vegið að krafti viðskiptalífsins og samkeppnislögin þjóna þar með ekki markmiði sínu um hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta. Sé ekki gætt hófs við beitingu samkeppnisreglna er hætt á að framkvæmdin snúist upp í andhverfu sína og verði jafnvel skaðleg samkeppni sökum umfangs eftirlitsins.

¹⁰ Sjá til að mynda 25. gr. norsku samkeppnislaganna.

¹¹ Sjá 1-4. mgr. 18. gr. í dönsku samkeppnislögunum, Konkurrenceloven no. 869, 8. júlí 2015.